

1873.

27. maí.

félag mun greiða sína 100 rd. hvor, og veitum vör yður hær með myndugleika til að taka þessa 200 rd. úr jarðabókarsjóði Íslands.

27. maí.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um húsakaup á klausturjörðu.

Í bréfi til dómsmálastjórnarinnar hefir amtmaðurinn í norður- og austurumdæmi Íslands skýrt svo frá, að hin nauðsynlegustu húsakynni á jörðunni Lækjardal, sem heyrir undir Múnkapverár-klausturs góz, sem sè baðstofan eldhúsið, búrið, dyrin og göngin, sè eigi eign umboðsins, heldur leiguliða þess, sem síðast sat á jörðunni, og hefir amtmaður stungið uppá, að umboðssjóðurinn eptir boði leiguliðans, sem frá fer, kaupi tæð húsakynni fyrir 100 rd., en þá skuli jarðarafgjaldið eptirleiðis hækkað frá 25 til 50 álna á ári, og hefir leiguliðinn, sem tekur við jörðunni, gengið að því.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að ef sannað verður með löglegri skoðunargjörð, að fyrnefnd húsakynni sè að minnsta kosti 100 rd. virði, má verja þessari upphæð af umboðssjóðnum til þess að kaupa þau, en þá skal afgangið af jörðunni hækkað, svo það eptirleiðis sè 50 álnir.

27. maí.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um málafærslulaun við yfirrættinn.

Í þremur opinberum málum, sem dæmd eru við hinn konunglega íslenska landsyfirrætt, útaf afbrotum gegn tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi, 26. maí 1863, hefir tæður rættur, sem dæmdi ómerka dóma undirrættarins og vísaði þeim

1873.

27. maí.

heim aptur til nýrrar og löglegrí meðferðar, eigi dæmt þeim málafærslumönnum við réttinn, Jóni Guðmundssyni og Páli Melsted, sem eptir skipun sóktu málin, nein málafærslulaun. Með því nú þessi mál eigi aptur koma til yfirréttarins, sökum þess að vesturamtíð hefir úrskurðað um tvö þeirra eptir tilmælum hinna ákærðu, en þriðja málinu, sem aptur er dæmt við undirréttinginn, verður eigi áfryjað að nýju, hafa fyrnefndir málafærslumenn sókt um, að hvorjum þeirra verði borgað úr jafnaðarsjóðnum fyrir málfærslu í tveimur málunum jafnmikið og venjuleg málafærslulaun eru í opinberum málum, sem eru 5 rd., og málafærslumanni Jóni Guðmundssyni ennfremur 5 rd. fyrir þriðja málið, en organleikari Pétur Guðjohnsen, sem skipaður var sakar verjandi, hefir ennþá ekki krafist launa. Þar-
eð amtmaður álitur, að sér sé eigi bært að greiða tæð málafærslulaun uppá sitt eindæmi, hefir hann samkvæmt kansellibræfi 2. apríl 1836 í bræfi til dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 8. febrúarm. þ. á., stungið uppá, að málafærslulaun þau, sem málafærslumennirnir Jón Guðmundsson og Páll Melsted hafa gjört tilkall til fyrir tæð mál, verði borguð þeim úr jafnaðarsjóði amtsins, og að organleikara Pétri Guðjohnsen verði veitt hinn sömu málafærslulaun fyrir það mál, sem hann var skipaður í, ef hann krefst þess.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það amtmanninum yfir suður- og vesturumdæmi Íslands, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungu þessa.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um afgjald af klausturjörðunni Vatnsenda.

27. maí.

Í bræfi 5. desbr. f. á. hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands mælt til að stjórnarráðið samþykki, að hann samkvæmt tillögum hlutaðeiganda umboðsmanns hefir leyft, að landsetinn, sem nú er á jörðunni Vatnsenda undir Múnkaþverárklosturs gózi, Einar Erlendsson, framvegis í næstu 5 ár megi